

Fundargerð 78. fundar

stjórnar Samtaka sveitarfélaga á köldum svæðum

Árið 2025, miðvikudaginn 15. janúar kl. 08:00 kom stjórn Samtaka sveitarfélaga á köldum svæðum saman til fundar og fór hann fram í gegnum fjarfundarbúnað.

Fundinn sátu: Íris Róbertsdóttir, Björn Ingimarsson, Kristinn Jónasson, Björg Ágústsdóttir, Katrín Sigurjónsdóttir og Gerður Björk Sveinsdóttir.

Að auki sat fundinn Ingibjörg Hinriksdóttir, sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. Fundir stjórnar samtakanna með hagaðilum - 2311003SK

Rætt um hvaða aðila stjórn SSKS ætti að hitta til að þrýsta á um úrbætur í orkumálum. Meðal annars var rætt um að hitta innviðaráðherra og umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra. Einnig taldi stjórnin mikilvægt að heyra í nýkjörnum alþingismönnum, sem og þá aðila sem nýkomnir eru til starfa í þessum geira s.s. Gest Pétursson nýjan forstjóra Umhverfis- og orkustofnunar. Þá var nefnt að heyra m.a. í Byggðastofnun sem um árábil hefur, í samvinnu við Orkustofnun, reiknað út kostnað við raforkunotkun og húshitun á sömu viðmiðunarfasteigninni um land allt.

2. Staða mála sem framundan eru - 2311006SK

Rætt um raforkulög en í stjórnarsáttmála er sérstaklega tíundað að "Framlög verða áfram tryggð til jöfnunar húshitunar- og raforkukostnaðar heimila milli dreifbýlis og þéttbýlis." Í sáttmálanum er einnig sagt að horfa þurfi til lagabreytinga til að tryggja skilvirkari málsmeðferð innviðaf framkvæmda á borð við flutningskerfi raforku.

Fundi var slitið kl. 08:37